

Fundargerð háskólaráðs

354. fundur mánudaginn 24. nóv. 2014

fundaherbergi 262, Borgum kl. 10.05 – 12.25

Rektor Eyjólfur Guðmundsson setti fund kl. 10.05 og bauð háskólaráðsfulltrúa velkomna.

Mættir voru auk hans:

Kristín Ástgeirs dóttir fulltrúi menntamálaráðherra
Hermína Gunnþórsdóttir fulltrúi háskólasamfélagsins
Hjörleifur Einarsson fulltrúi háskólasamfélagsins
Berglind Ósk Guðmundsdóttir fulltrúi nemenda
Svanfríður I. Jónasdóttir fulltrúi háskólaráðs

Aðrir mættir:

Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri
Úlfar Hauksson forstöðumaður
Guðrún María Kristinsdóttir ritari rektors

Gestir fundarins:

Eva Halapi sérfræðingur
Auðbjörg Björnsdóttir kennsluráðgjafi
Guðmundur Kr. Óskarsson dósent
Haukur Pálason sérfræðingur

Fjarveru boðuðu: Finnbogi Jónsson fulltrúi háskólaráðs og Hjalti Jón Sveinsson varafulltrúi háskólaráðs.

Rektor setti fund og kynnti dagskrá.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð 353. var borin upp og samþykkt.

2. Mál til kynningar

• Umsókn um doktorsnám

Eva Halapi kom á fundinn undir þessum lið. Hefur hún ásamt Sigrúnu Magnúsdóttur gæðastjóra lesið yfir drög að umsókn um heimild til að bjóða upp á doktorsnám við HA.



Textinn þarfnað frekari ritstjórnar, styttingar og samræmingar. Rektor hefur falið þeim Evu og Sigrúnu að skipuleggja og framkvæma þetta. Rektor stefnir að því að fullbúin umsókn verði samþykkt af núverandi háskólaráði á starfstíma þess.

- Skipun Kristínar Sóleyjar Sigursveinsdóttur í stjórn Rannsóknasjóðs HA 1301008 Rektor lagði til að Kristín Sóley Sigursveinsdóttir lektor yrði skipuð í stjórnina í stað Halldóru Haraldsdóttur. Kristín Sóley er skipuð varaformaður í stjórninni, án tilnefningar. Háskólaráði staðfesti skipunina.

3. Rekstraryfirlit janúar - október

1403039

Ólafur og Úlfar komu á fundinn.

Úlfar gerði grein fyrir rekstrarstöðu skólans í lok október. Reksturinn er 86,31 af áætlun en viðmiðið er 83,33%.

Miklar líkur eru á að rekstur háskólans verði innan áætlunar í árslok.

4. Rekstur – gerð fjárhagsáætlunar 2015

Úlfar og Ólafur gerðu grein fyrir stöðunni. Fyrstu drög að rekstraráætlun verða tilbúin í þessari viku. Unnið verður með rekstraráætlun út frá mismunandi niðurstöðu á fjárlögum en endanleg áætlun verður lögð fyrir þegar niðurstaða fjárlaga er ljós.

Úlfar og Ólafur fóru af fundinum.

5. Skipun fulltrúa HA í stjórn Góðvina

1412066

Háskólaráð samþykkti tillögu rektors um að skipa Agnesi Eyfjörð verkefnastjóra aðalfulltrúa HA í stjórn Góðvina og Óskar Þór Vilhjálmsson tæknimann til vara. Skipunin er til tveggja ára.

6. Skipun meistaranámsnefndar HSVest

1410003

Rektor gerði grein fyrir viðamiklu hlutverki meistaranámsnefndar HA og Háskólasturs Vestfjarða. Gerði hann tillögu að skipun nefndarinnar til næstu þriggja ára:

JK
SG

Peter Weiss forstöðumaður, tilnefndur af HSVest
Steingrímur Jónsson prófessor, án tilnefningar, formaður
Ögmundur Knútsson dósent, tilnefndur af viðskipta- og raunvísindasviði HA
Joonas Kinni nemi, tilnefndur af nemendum í meistaranáminu.

Til vara:

Einar Hreinsson sérfræðingur, tilnefndur af HSVest
Grétar Þór Eyþórsson prófessor, án tilnefningar, varaformaður
Rannveig Björnsdóttir dósent, tilnefnd af viðskipta- og raunvísindasviði
Georgia Clack nemi, tilnefnd af nemendum í meistaranáminu.

Háskólaráð staðfesti þetta.

Rektor var falið að kynna sér meistaranámið, og samstarfið við HSVest.

7. Samstarf um nám í tölvunarfræðum við HA

1409024

Auðbjörg, Guðmundur Kr. og Haukur komu á fundinn.

Kynntu þau möguleika á samstarfi við HR annarsvegar og HÍ hinsvegar um að bjóða upp á nám í tölvunarfræðum. Rætt er um tveggja ára diplómanám með möguleika á að ljúka BS prófi á þriðja árinu.

Mikil umræða varð. Rektor var falið að skoða möguleikana áfram út frá þeim forsendum sem fram komu á fundinum, þ.e. faglegum og tæknilegum forsendum, gæðum náms og einnig út frá samstarfsformi. Málið verður tekið upp aftur á næsta fundi.

8. Embætti Nansenprófessors

Rektor greindi frá því að sk. Nansenstaða verður auglýst með nokkuð breyttri áherslu en í fyrrri tvö skiptin (2012 og 2013). Í samráði við utanríkisráðuneytið er ákveðið að auglýsa stöðu gestaprófessors með rannsóknarskyldu við HA fyrir haustmisserið 2015 og væntanlega líka vormisserið 2016. Leitað verður eftir áframhaldandi samstarfi milli Íslands og Noregs um norðurslóðarannsóknir og áframhaldandi aðildar HA að því.

[Handwritten signatures and initials]

9. Önnur mál

- Skipun háskólaráðs

1404021

Rektor greindi frá háskólafundi sem haldinn var 21. nóvember. Þar voru kosnir fulltrúar háskólasamfélagsins í háskólaráði. Þeir eru:

Hermína Gunnþórsdóttir lektor, til vara Hjörleifur Einarsson prófessor

Óskar Þór Vilhjálmsson tæknimaður, til vara Guðmundur Kr. Óskarsson dósent.

Rektor hyggst þróa háskólafund í þá átt að verða mikilvægur vettvangur fyrir ályktanir um hvaðeina sem varðar háskólastarfið.


- Ársfundur var haldinn 29. október með hefðbundnu sniði. Ávarp flutti Hjálmars

Gíslason forstjóri DataMarket (á Skype) og var efnið hvernig ýta má undir frumkvöðlastarf.

Erlindið mæltist mjög vel fyrir hjá fundarmönnum.

F.s.l. kl. 12.25.


Hjörleifur Einarsson
Staðanámsd.


Berglind Þóra Guðmundsdóttir
Háskófurinn
Háskóla rannsóknar